

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Húnavatnshrepps**  
**vegna afþreyingar- og ferðamannasvæðis við Gedduhöfða.**

Skipulagsstofnun staðfesti, 14. júlí 2021, breytingu á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 sem samþykkt var í sveitarstjórn 22. júní 2021.

Í breytingunni felst að óbyggt svæði er skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF1) vegna áforma um uppbyggingu gangnamannaskála með allt að 60 gistirúmum og hesthús fyrir allt að 70 hross við Gedduhöfða. Auk þess er afmarkað vatnsból og vatnsverndarsvæði.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 14. júlí 2021.*

F.h. forstjóra,  
**Ólafur Árnason.**

B-deild – Útgáfud.: 28. júlí 2021